


Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 1-		

**Tegund fundar:** Skólanefndarfundur

**Fundarritari:** Helga Jóhannsdóttir

**Dagsetning:** 16.3.2022

**Fundarstjóri:** Helga og Steinn

**Tími:** kl. 16:30

**Fundinn sátu:**

Magnea Gná Jóhannsdóttir, Gylfi Guðmundsson (foreldrafélagi), Einar Örn Ævarsson og Helga Jóhannsdóttir

**Mætt:**

TEAMS: Hugrún R Hólmeirsdóttir (fulltrúi kennara), Ásdís Þórolfsson (fulltrúi kennara), Steinn Jóhannsson og Margrét M. Norðdahl.

**Tilefni:** Fundur nr. 1 2022

**Forföll**

Eyþór Laxdal Arnalds, Elva María Birgisdóttir forseti NFMH, Aðalsteinn Haukur Sverrisson

Erfitt hefur verið að finna fundartíma vegna Covid og svo þegar búið var að ákveða 16. mars, þá voru stjórnendur boðaðir á fund vegna tilnefningar MH sem fyrirmyndarstofnun. Því var fundi frestað aftur og er nú haldinn bæði í MH og á TEAMS þar sem rektor og einn kennari eru með Covid.

Dagskráin er eftirfarandi:


1. Kosning formanns skólanefndar
2. Skólastarfið á vorönn
3. Uppgjör síðasta árs
4. Um mannabreytingar og stöður sem þarf að auglýsa fyrir næsta skólaár
5. Önnur mál

1. Fyrsta mál á dagskrá var að kjósa nýjan formann. Aðalsteinn Haukur Sverrisson bauð sig fram og var kosinn einróma. Aðalsteinn var viðstaddur þennan lið fundarins en þurfti svo að yfirgefa fundinn sökum vinnu.

2. Uppgjör ársins 2021 – Rektor fór yfir ársreikning skólans. Rekstrarafgangur sl. árs var um 30 millj. króna og skýrist fyrst og fremst af því að fjöldi ársnemenda var undir því sem var kveðið á um í fjárlagafrumvarpi. Gert er ráð fyrir að rekstur ársins 2022 verði í jafnvægi þrátt fyrir nokkra fækkun ársnemenda.

Ársnemandi kostar 1.700.000 kr og er reiknað með að hver ársnemandi taki 60 einingar. Áhugavert að sjá hvað hver eining kostar skólann.

3. Starfið á vorönn 2022. Mikið hefur verið um veikindi og er skv. veikindaskráningu í Innu hafa 50% nemenda fengið Covid-19 og tæplega 40% starfsfólks. Talið er að þessi önn sé sú versta af öllum

Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ		
Síða 2-		
<b>Fundargerð</b>		

Covid önnunum og er það helst vegna mikillar fjarveru nemenda og starfsfólks. Erfitt er að halda uppi markvissri kennslu þegar alltaf eru einhverjir sem eru að missa úr.

Í mörgum tilfellum þarfnast námsmatið endurskoðunar og jafnvel þarf mismunandi námsmat fyrir nemendur í sama áfanga vegna aðstæðna.

Nemendafélagið hefur verið duglegt að halda viðburði og er tónninn í þeim góður.

Umræða um einingar fyrir félagsstörf nemenda – nemendastjórn, hefur verið í gangi og eru stjórnendur að velta fyrir sér hvernig hægt væri að koma til móts við óskir nemenda án þess að það hafi áhrif á áfangaframboð skólans. Margir sérhæfðir valáfangar róa lífróður í MH og gæti þetta mál haft áhrif á það. Mikið áfangaframboð hefur lengi verið aðalsmerki skólans og viljum við ekki missa það.

Rektor hefur fundað með fulltrúum Menntamálaráðuneytisins varðandi móttöku nemenda frá Úkraínu. Ekki vitað í hverju aðstoðin felst en í MH eru nokkrir nemendur sem tala rússnesku eða skilja hana og gætu orðið að liði.


4. Nokkrir starfsmenn hætta í vor og væntanlega þarf bara að ráða kennara í raungreinum. Innanhússtöður hafa verið auglýstar sem þarf að ráða í fyrir næsta haust.

Önnur mál:

- Hækka þarf efnisgjöld sem nemendur greiða á hverri önn og munu gjöldin fara úr 5000 kr í 6000kr. Gjaldið verið óbreytt frá 2018 þegar það var lækkað úr kr. 6000 í kr. 5000. Allur efniskostnaður sem og leyfisgjöld hafa hækkað verulega síðustu misseri. Önnur gjaldskrá skólans óbreytt að sinni.
- Skólinn er að vinna að því að ákveða hvernig hann ætlar að nýta sér heilsugæslu hverfisins til að koma geðheilbrigðismálum nemenda í samræmi við fjármagn sem heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins var úthlutað. Útfærslan á samstarfinu ekki komin á hreint en stefnt að fundi á næstunni með heilsugæslunni.
- Gylfi átti fund með nemendafélaginu og þau eru sammála um að það þurfi að gera eitthvað í því að efla samskipti nemenda sín á milli. Hvetja þarf nemendur til að eiga samtal hvert við annað og koma þeim upp úr símunum. Nefnt var að Föruneysið er hópur sem hittist án milligöngu kennara, en til að byrja með var það kennari sem stjórnaði hópnum. Gylfi ætlar að boða til fundar þar sem hugmyndir yrðu ræddar um hvernig hægt væri að aðstoða nemendur við að tala saman. Við viljum gera allt sem hægt er svo nemendum líði betur en þunglyndi og kvíði hefur aukist skv. skólapúlslinum.
- Skólinn er að fara í úttekt á jafnlaunavottun 29.mars og er allt tilbúið fyrir þá úttekt. Mikil vinna liggur í að sinna jafnlaunavottun og kaupa þarf utanaðkomandi þjónustu og aðstoð en engir peningar koma inn í skólann merkt verkefnum eins og þessum.

Fundi slitið 17:35.

Næsti fundur miðvikudaginn 15.júní 2022

Fundargerð	<b>Menntaskólinn við Hamrahlíð</b>	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 18.11.2019		
Höfundur: SJ	<b>Fundargerð</b>	
Samþykkt: SJ		
Síða 3-		

*Við viljum benda fundarfólki á að Strætó númer:13 stoppar í Hamrahlíð, 1-3-6 stoppar við Miklabraut/Hlíðar, 1-4 stoppar við Kringlumýrarbraut, 2 – 14 við Borgarleikhúsið, 57 við Kringlumýrarbraut/Miklabraut/Hlíðar, 18 Bústaðaveg*